



638. fundur stjórnar SASS

Haldinn á Teams

föstudaginn 4. september 2026, kl. 8:30

Þátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður sem stýrði fundi, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir varaformaður, Gauti Árnason, Sveinn Hreiðar Jensson, Eyþór Harðarson, Haraldur Þór Jónsson, Sveinn Ægir Birgisson, Matthías Bjarnason og María Rún Þorsteinsdóttir. Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri ritar fundargerð.

Formaður býður stjórn velkomna á fundinn sem er jafnframt fyrsti formlegi fundur nýrrar stjórnar.

1. Fyrirkomulag millipinganefnda ársþings 2026.

Farið yfir fyrirkomulag millipinganefnda sem stjórn ákvað á vinnufundi í ágúst sem og þau málefni sem fjallað verður um í hverri nefnd. Framkvæmdastjóra falið að tengja saman formenn nefnda og starfsfólk, sem saman fara með undirbúning og kalla kjörna fulltrúa til þátttöku í nefndarstörfum.

2. Sorpstöð Suðurlands

- Framkvæmdastjóri fylgdi eftir framvinduskýrslum verkefnastjóra. Stjórn SOS leggur til að hitta verkefnastjóra og fara yfir komandi verkefni.
- Lagt fram erindi frá Flóahreppi er varðar sölu á hlut SOS í Orkugerðinni. Stjórn frestar afgreiðslu erindisins og leggur til að fá fund með fulltrúum Orkugerðarinnar og fulltrúum Flóahrepps til þess að fá nánari upplýsingar um málið.

3. Dagskrá vetrarins Heimsóknir SASS til sveitastjórna á Suðurlandi

Framkvæmdastjóri lagði fram fundarplan stjórnar fyrir veturinn 2026-2027 auk þess að kynna tillögu að plani fyrir heimsóknir SASS til sveitastjórna á komandi vetri. Stjórn samþykkir framlagða dagskrá.

4. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands - staða mála

Framkvæmdastjóri og formaður fóru yfir stöðu mála á þeim breytingum sem eru að eiga sér stað hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með yfirfærslu verkefna til Stofnunar Atvinnuveganna og Umhverfis og orkustofnunar. Fyrir séð er að einhver verkefni verða eftir hjá sveitarfélögunum og þurfa þau að ákveða hvernig þau vilja fara með þessi verkefni. Stjórn leggur til að funda með stjórn Heilbrigðiseftirlitsins og að unnið verði að málinu fram að aðalfundi Heilbrigðiseftirlitsins þann 30. okt nk. þar sem verði lagar fram tillögur um framhaldið.

5. Ársþing SASS - drög að dagskrá

Stjórn ræddi tillögur að dagskrá ársþings SASS. Framkvæmdastjóra falið að móta nánari dagskrá í samráði við starfsmenn og leggja fyrir á næst fundi stjórnar.



6. Önnur mál

- a) Kjördæmavika þingmanna verður 28.september – 2.október og óskar stjórn SASS eftir því að þingmenn komi og heimsæki sveitarfélögin öll líkt og þeir gerðu fyrir ári síðan enda voru það góðar og gagnlega heimsóknir fyrir bæði gesti og gestgjafa.

- b) Stjórn ræddi tilvonandi hækkun virðisaukaskatts á baðlón.

a. Eftirfarandi bókun samþykkt:

Stjórn samtaka sunnlenskra sveitarfélaga/SASS lýsa yfir þungum áhyggjum af fyrirhugaðri hækkun virðisaukaskatts á aðgang að baðlónum úr 11% í 24%. Baðlón eru mikilvægur hluti af ferðaþjónustu og atvinnuuppbyggingu á Suðurlandi. Í landshlutanum telur fjárfesting í starfsemi baðlóna og tengdum rekstri yfir 35 milljarða króna beint og þau skapa rúmlega 400 heilsárs störf. Þá er ótalin sú óbeina og afleidda fjárfesting og fjöldi starfa sem skapast hefur vegna baðlónanna. Sveitarfélögin hafa lagt í umtalsverða vinnu og tekið á sig ýmsar skuldbindingar vegna skipulags, veitna og annarrar innviðaupbyggingar til að veita baðlónum brautargengi. Fyrirhuguð skattahækkun breytir ekki aðeins rekstrarumhverfi fyrirtækjanna heldur grefur jafnframt undan þeirri atvinnuuppbyggingu sem sveitarfélögin hafa stutt og fjárfest í. **Stjórn SASS leggst alfarið gegn fyrirhugaðri virðisaukaskattshækkun á aðgang að baðlónum og krefjast þess að hún verði dregin til baka.**

- c) Stjórn SASS hefur áhyggjur af stöðu dýralækna á Suðurlandi og óskar eftir að fá forstjóra MAST á næsta fund stjórnar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.10:30

Næsti fundur stjórnar verður 2.október 2026 á Teams.